

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆÐAKRÖFUR 2011

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur hafa verið óbreyttar frá 1. febrúar 2010. Þó hafði flokkun vegna frírra fitusýra fyrst áhrif á greiðslur vegna A-mjólkur frá og með 1. janúar 2011. Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðapátta 2011 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. febrúar 2010:

Gæðapáttur	Rannsóknartíðni	Flokkar	Mörk	Umbun og skerðing í % af afurðastöðvaverði
Frumutala 1000 frumur/ml	1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹	1A 1 2 3	- 220 221 - 400 401 - 500 501 -	+ 2% ² 0 -5% -18% ³
Líftala, Bactocan 1000 einingar/ml	1 sinni í viku, einstök mæling gildir ⁴	1A 1 2 3 4	- 25 26 - 200 201 - 400 401 - 3000 3001 -	+ 2% ² 0 -16% -36% -60%
Lyfjaleifar ⁵	A.m.k. 1 sinni í mánuði	1A 1 2	Verður að standast kröfur um 1. fl. Engar mælanlegar leyfar Mælanlegar leyfar	+ 2% ² 0 -60%
Hitapólin líftala ⁶ 1000, einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. - 5 6 - 25 26 -	+ 2% ² 0 0 0
Kuldapólin líftala ⁶ 1000 einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. - 25 26 - 100 101 -	+ 2% ² 0 0 0
Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. Enginn vöxtur Vöxtur eftir 48-72 klst Vöxtur á fyrstu 48 klst	+ 2% ² 0 0 0
Lykt og bragð ⁶	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla Greinilegur lyktar-/bragðgalli Áberandi lyktar-/bragðgalli	+ 2% ² 0 0 0
Fríar fitusýrur ⁷	1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. - 1,1 1,2 - 1,8 1,9 -	+ 2% ² 0 -5% -15%

¹ Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.

² Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af afurðastöðvaverði.

⁶ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

⁷ Ný flokkun frá 1. febrúar 2010 einungis notuð til ráðgjafar til 31. desember 2010 en þá taka verðskerðingar gildi.